

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan hf. Neskaupstað Neskaupstaður



Dags eftirlits	17.10.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Síldarvinnslan hf. Neskaupstað	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Hafnarbraut 6, Neskaupstað	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Hafþór Eiríksson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Sindri Karl Sigurðsson	Staðsetning	748727,903 526902,195

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Fullnægjandi grænu bókhaldi fyrir rárið 2023 hefur ekki verið skilað. 2) Engar mælingar voru gerðar á frárennsli árið 2023. 3) Frárennsli verksmiðjunnar stóðst ekki kröfur í mælingu í febrúar 2024. 4) TVN-gildi mældust árið 2023 þrisvar sinnum yfir 100 mg N/100 g. Fjórar ábendingar voru gerðar: 1) Tryggja þarf að réttar upplýsingar, s.s. um gildistíma starfsleyfis, komi fram í grænu bókhaldi. 2) Tilgreina þarf hvenær fitugildra við lýsispró er tæmd og hvert er farið með innihald hennar. 3) Skila þarf uppfærðum og endurskoðuðum áætlunum, þegar þær liggja fyrir, til eftirlitsaðila. 4) Fjarlægja þarf gróður og lausa hluti úr þró um olúgeyma. Eitt eldra frávik varðandi frágang olíubirgða, olíuúrgangs, eiturefna og hættulegra efna, var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar í Neskaupstað.

Starfsleyfi fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar í Neskaupstað, sem gildir til 3. september 2036, heimilar að framleitt sé fiskimjöl og lýsi úr fiski, afskurði og öðrum fiskafurðum. Heimilt er að framleiða úr allt að 2.380 tonnum af hráefni á sólarhring. Einnig er heimilt að reka litla tilraunavinnslu, eingöngu vegna rannsóknaverkefna, sem tengd er sömu mengunarvörnum og önnur vinnsla rekstraraðila, með afkastagetu undir 10 tonnum/sólarhring. Vinnsla á síld var í gangi þegar eftirlitið fór fram.

Dagskrá eftirlitsins var eftirfarandi:

- Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð

1. Starfsleyfi rekstraraðila og staðan frá síðasta eftirliti

Í eftirliti árið 2023 komu fram þrjú ný frávik auk þess sem eitt eldra frávik var opið. Í eftirlitinu voru settar fram fimm ábendingar. Tveimur frávikum var lokað í bréfi dags. 27. júní 2023 og einu í bréfi dags. 24. ágúst 2023. Frávik sem var opið þegar eftirlit 2023 fór fram var enn opið þegar eftirlit árið 2024 fór fram. Brugðist hefur verið á fullnægjandi hátt, við þeim ábendingum sem voru settar fram í eftirliti árið 2023.

2. Eftirlitsmælingar og skráningar

Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var skilað þann 9. september sl. sem er frávik frá starfsleyfi þar sem grænu bókhaldi skal skila fyrir 1. maí ár hvert. Undirskriftir skv. reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald, vantar og teljast skilin því ekki fullnægjandi. Rekstraraðila er bent á að tryggja að réttar upplýsingar s.s. um gildistíma starfsleyfis, komi fram í græna bókhaldinu.

Útstreymisbókhaldi og ársyfirliti var skilað 29. apríl sl. Rekstraraðila er bent á að tilgreina framvegis hvenær fitugildra við lýsistanka er tæmd og hvert farið er með innihald hennar.

Engar mælingar voru gerðar á frárennsli verksmiðjunnar árið 2023 og er það frávik frá starfsleyfi. Mælingar voru gerðar í febrúar 2024. Niðurstöður þeirra mælinga voru m.a. að fita í frárennslinu mældist langt yfir mörkum auk þess sem magn svifagna var einnig yfir mörkum. Skráð er frávik vegna þessa. Gildi fyrir COD var í samræmi við losunarmörk í starfsleyfi. Styrkur fitu í frárennslinu var mældur aftur í apríl og var þá innan þeirra marka sem krafa er um samkvæmt starfsleyfi.

Niðurstöður mælinga á TVN hafa borist eftirlitsaðila í samræmi við kröfur í starfsleyfi en rekstraraðili er hvattur til að senda eftirlitsaðila upplýsingar um vinnsluhlé. Árið 2023 mældist TVN þrisvar sinnum yfir 100 mg N/100 g en skv. starfsleyfi skulu TVN-gildi ekki mælast yfir 100 mg N/100 g og er því skráð frávik vegna þess.

Þykkt neðsta umfars lýsisgeyma nr. 2 og 4 var mæld í júní 2023. Botn geymis nr. 4 var þykktarmældur þann 10. júlí 2024 og botn geymis nr. 2 var þykktarmældur 24. september 2024. Lýsisgeymir nr. 3 var mældur í júní árið 2020 og

geymir nr. 1 var mældur í júní árið 2021. Ekki eru gerðar athugasemdir við mælingarnar.

Tvær niðurgrafnar lýsislagnir eru í eigu rekstraraðila, annars vegar framleiðslulögn sem er að hluta til neðanjarðar og liggur frá verksmiðju að lýsisgeymum og hins vegar útskipunarlögn sem liggur frá lýsisgeymum að bryggju. Útskipunarlögnin var síðast þrýstiprófuð í júní 2021 og framleiðslulögnin var þrýstiprófuð 22. september 2022. Þrýstiprófa þarf niðurgrafnar olíulagnir á a.m.k. fimm ára fresti og eru því ekki gerðar athugasemdir við prófanirnar.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarfaraeftirlit. Smávægilegar breytingar urðu á áhættumatinu frá síðasta eftirliti en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

4. Fylgiskjöl og áherslur í eftirliti

Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004. Skírteini sem var afhent í eftirliti uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar en fullnægjandi skírteini var sent eftirlitsaðila þann 10. desember 2024.

Farið var yfir áætlanir rekstraraðila. Áætlanir eru ýmist nýlega uppfærðar eða í endurskoðun og er rekstraraðili hvattur til að flýta þeirri vinnu og senda eftirlitsaðila uppfærðar áætlanir að henni lokinni.

5. Önnur mál

Rætt var um þær takmarkanir sem eru á uppsettu heildarnafnvarmaafli olíuketils rekstraraðila. Sú umræða mun halda áfram með sérfræðingi í teymi loftgæða og losunarheimilda hjá Umhverfisstofnun.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Talsverðar framkvæmdir hafa verið í gangi undanfarin misseri og er gert ráð fyrir að þeim ljúki á næstu mánuðum. Framkvæmdum við efnageymslu miðar vel en þó er ekki tilefni til að loka fráviki sem var opið þegar eftirlitið fór fram. Lýsisgeymar voru skoðaðir sem og þró umhverfis þá. Rekstraraðila er bent á að fjarlægja gróður og lausa hluti sem eru í þrónni.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 4.5 í starfsleyfi	Fullnægjandi grænu bókhaldi fyrir árið 2023 hefur ekki verið skilað.
Gr. 4.2 í starfsleyfi	Engar mælingar voru gerðar á frárennsli verksmiðjunnar árið 2023.
Gr. 3.16 í starfsleyfi	Frárennsli verksmiðjunnar stóðst ekki kröfur í mælingu í febrúar 2024.
Gr. 3.3 í starfsleyfi	Árið 2023 mældust TVN-gildi þrisvar sinnum yfir 100 mg N/100g.


ÁBENDINGAR

Fjórar ábendingar voru settar fram í eftirlitinu: 1) Tryggja þarf að réttar upplýsingar s.s. um gildistíma starfsleyfis, komi fram í grænu bókhaldi. 2) Tilgreina þarf í ársyfirliti hvenær fitugildra við lýsispró er tæmd og hvert er farið með innihald hennar. 3) Skila þarf uppfærðum og endurskoðuðum áætlunum, þegar þær liggja fyrir, til eftirlitsaðila. 4) Fjarlægja þarf gróður og lausa hluti úr þró um lýsisgeyma.

Reykjavík, 18.12.2024

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Freyr Evarsson